

REGLUR

um breytingu (4) á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

1. gr.

Heiti reglugerðar fyrir Háskóla Íslands, sem sett var þann 26. júní 2000, breytist og verður: Reglur fyrir Háskóla Íslands.

2. gr.

Í stað orðsins „reglugerðar“ í heiti XXI. kafla komi: reglna.

3. gr.

Yfirskrift 129. gr. breytist og verður: Setning reglna og breytingar á þeim.

4. gr.

Aftan við 1. mgr. 14. gr. reglnanna bætist nýr töluliður, sem verður 8. töluliður, svohljóðandi:

8. Kennsla í endurmenntun á vegum deilda samkvæmt þessari grein er ekki hluti af starfsskyldum fastra kennara við kennslu, rannsóknir og stjórnun. Tilskilið er að rektor heimili þeim að sinna þessum verkefnum.

5. gr.

Lokamálsliður 7. mgr. ákvæðis til bráðabirgða breytist og verður svohljóðandi: Skal þeirri endurskoðun lokið eigi síðar en 1. desember 2001.

6. gr.

Upphafsmálsliður 9. mgr. ákvæðis til bráðabirgða breytist og verður svohljóðandi: Fyrir 1. desember 2001 skal háskólaráð hafa endurskoðað reglugerðir stofnana sem heyra undir háskólaráð, sbr. 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögum um Háskóla Íslands nr. 41/1999, og sett þeim sérstakar reglur um hlutverk, aðstöðu, skipulag, stjórn, starfsfólk, fjármál og annað sem nauðsynlegt kann að reynast, sbr. ákvæði 26. gr. þessarar reglugerðar.

7. gr.

Í stað orðanna „reglugerð þessari“ í 1. gr., 2. tölul. 2. gr., 3., 4. og 10. tölul. 9. gr., 4. og 5. tölul. 14. gr., 2. mgr. 17. gr., 1. mgr. 22. gr., 6. mgr. 30. gr., 1. mgr. 31. gr., 1. mgr. 34. gr., 1. tölul. 4. mgr. 35. gr., 2. mgr. 39. gr., 1. mgr. 40. gr., 4., 6. og 10. mgr. 42. gr., 2. mgr. 53. gr., 1. mgr. 62. gr., 64. gr., 3. mgr. 70. gr., 1. mgr. 71. gr., 2. mgr. 87. gr., 4. mgr. 94. gr., 1. mgr. 110. gr., 5. mgr. 114. gr., 1. mgr. 117. gr., 2. mgr. 129. gr. og 1. mgr. 130. gr. komi: reglum þessum.

8. gr.

Í stað orðanna „Reglugerð þessi“ í 1. mgr. 129. gr. og orðanna „reglugerð þessa“ í 3. mgr. 30. gr., 1. mgr. 36. gr. og 6. mgr. 42. gr., komi: reglur þessar.

9. gr.

Í stað orðanna „reglugerðar þessarar“ í 2. mgr. 13. gr., 5. mgr. 17. gr., 6. tölul. 4. mgr. 27. gr., 2. mgr. 36. gr., 4. og 7. mgr. 39. gr., 12. og 17. tölul. 68. gr., 2. tölul. i.f. 69. gr., 2. mgr.

70. gr., 5. tölul. 80. gr., 2. og 3. mgr. 101. gr., 1. mgr. 106. gr., 1. mgr. 130. gr. og 7. mgr. ákvæðis til bráðabirgða komi: reglna þessara.

10. gr.

Í stað orðanna „þessarar reglugerðar“ í 1. og 7. tölul. 14. gr., 7. tölul. 4. mgr. 27. gr., 1. og 5. mgr. 54. gr., 2. mgr. 65. gr., 1. mgr. 67. gr., 13., 16. og 17. tölul. 68. gr., 2. tölul. 69. gr., 2. mgr. 87. gr., 2. mgr. 92. gr., 2. mgr. 93. gr., 2. og 3. mgr. 94. gr., 5. mgr. 101. gr., 107. gr. í.f., 9. mgr. 114. gr., 1. og 2. mgr. 116. gr., 6. mgr. 117. gr., 1. mgr. 130. gr. og 1. og 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða komi: þessara reglna.

11. gr.

Í stað orðanna „Reglugerð þessi er sett“ í 1. mgr. 130. gr. komi: Reglur þessar eru settar.

12. gr.

Í stað orðanna „þessari reglugerð“ í 3. mgr. 54. gr. og 1. mgr. 98. gr. komi: þessum reglum.

13. gr.

Reglur þessar, sem settar er á grundvelli laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999 og með samþykki háskólaráðs, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 24. september 2001.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.